

Nd.

62. Nefndarátt

í málinu: Frumvarp til laga um lögreglusamþykkt og byggingarsamþykkt fyrir Hvanneyrarhrepp.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, og ræður háttv. Nd. til að samþykkja það, þó með þeirri athugasemd, að eigi þykir nefndinni ástæða til þess að hafa í frv. heimild til byggingarsamþykktar fyrir Hvanneyrarhrepp eða hluta af honum, með því að slík heimild er veitt eitt skifti fyrir öll í lögum nr. 19 frá 20. okt. 1905, 3. gr.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sjer að koma fram með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Í heiti frumvarpsins falli brott: »og byggingarsamþykkt«.
2. Í 1. setningu 1. gr. falli brott orðin: »og byggingarsamþykkt«.
3. Í 2. setningu 1. gr. komi fyrir orðin: »hvorrar samþykktar fyrir sig«: samþykktarinnar.
4. 2. gr. orðist svo:
Samþykktin staðfest skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.
5. 3. gr. orðist svo:
Fyrir brot gegn samþykktinni má ákveða í henni sektir, er renni í sveitar-sjóð.
6. Í 4. gr. komi fyrir orðin: »samþykktum þessum«: samþykkt þessari.

Alþingi 9. júlí 1914.

Björn Hallsson,
formaður

Stefán Stefánsson Eyf.
skrifari og framsögum.

Einar Arnórsson.

Sveinn Björnsson.

Eggert Pálsson.